

BORGARRÁÐ 6. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tillögu um innleiðingu fullkomins umferðarmóðels fyrir höfuðborgarsvæðið - R17030210

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins minna á samþykkt borgarstjórnar frá 21. mars sl. þar sem samþykkt var að vísa til umhverfis- og skipulagsráðs því að hefja innleiðingu á fullkomnu umferðarmódeli fyrir höfuðborgarsvæðið og óska eftir að upplýsingar um stöðu málsins verði lagðar fram í borgarráði. Ekki hefur borið á þessu máli síðan það var samþykkt í borgarstjórn en mikilvægi þess að fullkomið umferðarmódel verði innleitt nú þegar hefur sjaldan eða aldrei verið meira vegna þess að í vinnslu eru hugmyndir um borgarlínu og umferð hefur verið að þyngjast jafnt og þétt á höfuðborgarsvæðinu. Ekki hefur borið á sérstökum áhuga meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur að nálgast umferðarmálin í heild sinni með því að innleiða fullkomið umferðarmódel sem mæli alla samgöngumáta.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr.: R17030210
Skjalasafn Ráðhúss

17. ágú. 2017

Bréfalykill: 61300

Reykjavík, 15. ágúst 2017

USK2017030072

5.0

Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tillögu um innleiðingu fullkomins umferðarmóðels fyrir höfuðborgarsvæðið - R17030210

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 21. mars 2017 að vísa eftirfarandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

"Borgarstjórn samþykkir að hefja innleiðingu á fullkomnu umferðarmódeli sem mæli alla samgöngumáta hvort sem það eru einkabílar, almenningssamgöngur, hjólréiðar, gangandi umferð, fyrirhuguð borgarlína eða aðrir mögulegir samgöngumátar. Leitað verði samstarfs við önnur sveitarfélög og Vegagerðina við kaup og innleiðingu á umferðarmódeli".

Búið er að taka saman drög að yfirliti um þau umferðarmódel sem eru til nú þegar fyrir umferð bíla, umferð almenningssamgangna og umferð hjólandi um höfuðborgarsvæðið. Unnið er að frekari gagnasöfnun til að hægt sé að meta umfang og kostnað við innleiðingu og viðhald á nýju umferðarmódeli. Skýrslu um niðurstöður þeirrar greiningar verður skilað á haustmánuðum. Verkefnið hefur verið rætt tvisvar á samráðsfundum með Vegagerðinni og verður tekið aftur fyrir þegar frekari gögn liggja fyrir. Reykjavíkurborg og Vegagerðin hafa í sameiningu staðið straum af kostnaði við þróun og viðhald umferðarmóðela fyrir höfuðborgarsvæðið en nágrannasveitarfélögin hafa einnig lagt sitt af mörkum.

Þorsteinn R. Hermannsson

Samgöngustjóri